

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Dalbraut 12
840 Laugarvatn


Reykjavík, 11. júní 2021
UST202106-154/B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag – Eyvindartunga. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsfulltrúa dags. 10. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Bláskógbabyggðar sem felst í því að náman E19 verður stækkuð úr 2 ha í 4,95 sem felur í sér að efnistakan mun aukast úr 50.000 m³ í 149,500 m³.

Um er að ræða námu sem opnuð var í framhaldi Vegagerðar á Lyngdalsheiði. Umhverfisstofnun vill benda á að þarna er um að ræða efnistöku á fjölfarinni ferðamannaleið og því er mjög mikilvægt að umgengi um svæðið verðir eins og best verður á kosið. Við efnistöku Vegagerðarinnar kom í ljós að mjög þykk moldarlög og einnig fínefni eru á svæðinu og því fylgir þarna að ofanafýting er mikil og nauðsynlegt að huga vel að því að lagera ekki þetta efni til lengri tíma sem hefur neikvæð sjónræn áhrif í för með sér. Til að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum þyrfti að skipuleggja efnistökun þannig að efnistaka hefjist fjærst veginum og náman unnin í átt að veginum en og þess gætt að hafa svæðið næst þjóðvegi óraskað til að ekki veri opið inn í námuna frá þjóðvegi. Frágangur fari fram jöfnum höndum þannig að ekki safnist fyrir stórir haugar af ofanafýtingu sem er til lýta á annars fallegu svæði. Ef framhald verður á efnistöku þarna eins og gert er ráð fyrir þarf að gera miklar kröfur til umgengni um svæðið og miðaða við umfang og staðsetningu er líklegast að best fari á því að tilkynna framkvæmdina til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu efnistökunnar.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Axel Benediktsson
Sérfræðingur